# GANGURINN
# *THE CORRIDOR*

# GANGURINN
## 20 ÁRA

# *THE CORRIDOR*
## *20 YEARS*

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

september — október 2000

Sýningarstjóri: Helgi Þorgils Friðjónsson

## Inngangur

Listasöfn eru í eðli sínu einföld fyrirbæri: þau eru öðru fremur sett á stofn til að vera ákjósanlegur vettvangur fyrir stefnumót listarinnar við allan almenning, þar sem áhersla á kynningu, fræðslu, örvun og ekki síst ögrun listarinnar sé höfð í öndvegi.

Samvinna milli Listasafns Reykjavíkur og þeirra fjölmörgu aðila hér á landi sem vilja veg listarinnar sem mestan er einn helsti lykillin að því að safnið nái að þjóna hlutverki sínu.

Vegna þessa er Listasafni Reykjavíkur mikill heiður að geta boðið gestum sínum að njóta sýningar sem haldin er í tilefni 20 ára afmælis Gallerís Gangs, sem listamaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson hefur rekið á heimili sínu síðustu tvo áratugi. Þar hefur verið unnið mikilvægt starf einstaklings á vettvangi myndlistarinnar, sem allir listunnendur ættu að njóta.

*Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður*

## Foreword

Art museums are by nature simple phenomena: they are essentially established to be a worthwhile venue for meetings of art and the public at large, where the emphasis should be on the introduction, education, encouragement and last but not least the challange of art.

Cooperation between the Reykjavík Art Museum and the great number of people and institutions in Iceland that want to promote art is one of the key factors to making it possible for the Museum to serve its role.

It is therefore a great honour for the Reykjavík Art Museum to be able to invite its guests to enjoy an exhibition dedicated to the 20th anniversary of Gallery Corridor, which the artist Helgi Thorgils Fridjonsson has operated in his home for the past two decades. The Corridor represents important work by an individual in the field of art, work that all art lovers should enjoy.

*Eiríkur Thorláksson, director*

*Gunnar J. Árnason*

## Gangurinn í 20 ár

Sýningarsalir starfræktir af myndlistarmönnunum sjálfum hafa verið áberandi í myndlistarlífinu vegna sérstakra aðstæðna hér á landi. Má þar sem dæmi nefna Slunkaríki á Ísafirði sem Jón Sigurpálsson hefur rekið um árabil, Gallerí einn einn sem Hannes Lárusson rak á Skólavörðustígnum, vinnustofusýningarsali Birgis Andréssonar og Helga Hjaltalíns Eyjólfssonar við Vesturgötu og Gallerí Kambur sem Gunnar Örn rekur. Af öllum þessum sýningarsölum nýtur Gallerí Gangur allnokkurrar sérstöðu. Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarmaður hefur starfrækt þetta sýningarrými samfleytt um tuttugu ára skeið, eða lengur en nokkur annar starfsbróðir hans, og það hefur alla tíð verið rekið á heimili Helga og eiginkonu hans, Margrétar Lísu Steingrímsdóttur.

Gangurinn byrjaði með sýningu á heimili Helga að Laufásvegi 79 árið 1979. Fyrsti listamaðurinn til að sýna á Ganginum var Hreinn Friðfinnsson, með verki sem Hreinn kallaði "For the Time Being". Helgi þýddi titilinn sem „Um Stund" og gerði þau orð að nokkurs konar einkennisorðum sýningarsalarins fyrstu árin. En þessi stund hefur varað lengur en nokkurn óraði fyrir. Frá Laufásvegi flutti Gangurinn með fjölskyldunni í Mávahlíð 24, síðan á Freyjugötu 32, en lengst af hefur hann verið staðsettur á Rekagranda 8 í Vesturbæ Reykjavíkur, eða frá 1984.

Tildrög þess að Helgi stofnaði sýningarsal á heimili sínu verða hvorki rakin til stundargamans né tilviljunar. Hann hafði komið að rekstri nokkurra sýningarsala áður. 1975 stofnuðu þeir Þór Vigfússon myndlistarmaður sýningarsalinn Output, og á meðan hann var í námi í Haarlem í Hollandi þá rak hann Gallerí Lóu, og var auk þess í hópi listamanna sem stóðu að baki Suðurgötu 7. Það var reynsla hans af starfrækslu þessara sýningarsala sem varð kveikjan að Ganginum.

Helgi sá að sáralítið af framsækinni erlendri myndlist rataði í íslenska sýningarsali á þessum tíma. Sambandsleysi við erlenda starfsbræður og -systur stóð íslensku myndlistarlífi fyrir þrifum, og þau sambönd sem einstaklingar stofnuðu til við spennandi myndlistarmenn skiluðu sér ekki inn í myndlistarsamfélagið. Helgi stofnaði Ganginn gagngert til að viðhalda tengslum við erlenda listamenn sem hann kynntist eða komst í samband við, og gefa kollegum sínum og myndlistaráhugafólki hér á landi tækifæri til að komast í snertingu við listamennina, verk þeirra og hugmyndir.

Varla verður komið tölu á fjölda þeirra listamanna sem hafa sýnt í Ganginum í þessi tuttugu ár og hafa langflestir þeirra verið erlendir listamenn. Þeir liðlega 40 listamenn sem sýna verk sín á afmælissýningu Gangsins eru ekki einu sinni helmingurinn af þeim listamönnum sem

hafa sýnt þar í gegnum tíðina, en þeir eru líklega í kringum eitt hundrað, og eru þá ótaldir fjölmargir íslenskir listamenn sem einnig hafa sýnt þar verk sín. Að meðaltali hafa því um fimm erlendir listamenn sýnt á Ganginum á ári í öll þessi tuttugu ár, sem þætti gott í hvaða sýningarsal sem er hér á landi.

Nú er ljóst að Gangurinn er ekki opinber sýningarsalur í orðsins fyllsta skilningi, þótt Helgi og fjölskylda séu sérlega gestrisin og dyr þeirra standi öllum opnar. En hafa verður í huga að þótt Gangurinn sé ekki eins áberandi á opinberum vettvangi og aðrir sýningarsalir þá hefur hann haft bein og óbein áhrif á íslenskt myndlistarlíf langt út fyrir veggi heimilisins á Rekagranda. Margir af þeim myndlistarmönnum sem fyrst sýndu í Ganginum komu aftur og sýndu í öðrum sýningarsölum, t.d. Nýlistasafninu, Listasafni Íslands, Kjarvalsstöðum, Gallerii i8 (fyrrum Ingólfsstræti 8), Sýningarsalnum Önnur hæð og Norræna Húsinu. Sumir hafa tengst landi og þjóð og auðgað íslenskt myndlistarlíf á margvíslegan hátt, t.d. með kennslu við Myndlista- og handíðaskóla Íslands (nú Listaháskóla Íslands), eða með því að greiða götu íslenskra myndlistarmanna erlendis. Orðspor Gangsins hefur borist víða og er t.d. nokkuð vel þekkt meðal svissneskra listamanna. Og leiða má líkur að því að margir af þeim myndlistarmönnum sem komið hafa hingað á vegum Gangsins hafa sjálfir orðið fyrir áhrifum af kynnum sínum af landinu. Það leikur því enginn vafi á því að Gangurinn hefur þjónað upprunalegu markmiði sínu.

Þegar litið er yfir hóp sýnenda í Ganginum kemur í ljós margbreytileg flóra listamanna, sem sumir hverjir eru orðnir velþekktir og viðurkenndir listamenn á alþjóðavísu, eins og Milan Kunc, Jan Knap, Stephen McKenna, og svissneska listadúóið Peter Fischli og David Weiss. Ekki svo að skilja að Helgi hafi leitað sérstaklega eftir ‚stórum nöfnum' til að sýna hjá sér. Kynni Helga af þessum listamönnum hófst gjarnan áður en þeir urðu verulega þekktir, enda hefur hann leitast við að fá til sín listamenn sem hann hefur trú á að séu í deiglunni á hverjum tíma.

Það ætti ekki að koma á óvart að Helgi hefur alla tíð leitast við að fá til sín listamenn sem hafa verið að fást við málverkið í marvíslegum birtingarformum. Oft á tíðum eru þetta listamenn sem hafa verið að fást við hluti sem ekki hafa verið ofarlega á baugi hér, t.d. ofurraunsæi, töfraraunsæi, ný-súrrealisma og geómetrísk flatarmálverk. Þegar ný viðhorf í málverkinu voru að ryðja sér til rúms á fyrri hluta níunda áratugarins kynnti Helgi til sögunnar hér á landi málara eins og Helmut Federle, Peter Angermann og Martin Disler. Af þeim mörgu athyglisverðu málurum sem sýnt hafa í Ganginum á tíunda áratugnum má nefna Karin Kneffel, Thomas Huber, Jim Butler, Robert Devriendt, Charly Banana, og listamannapörin Stepanek/Maslin, og Kocheisen/Hullman. Það má því með réttu segja að Gangurinn hafi verið mikilvægur inngangur myndlistaráhugamanna hér á landi að framandi vistarverum málverksins.



Alice Stepanek, Steven Maslin (Þýskaland og England/Germany and England)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 1998**
**olía á striga/*oil on canvas*, 20 x 30 cm**



Alan Johnston (Skotland/*Scotland*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 1999**
**teikning á við/*drawing on wood*, 21,5 x 40 cm**



Antonín Strízek (Tékkland/*Czech Republic*)

**LESTARSTÖÐ/TRAIN STATION**
**olía á striga/*oil on canvas*, 65 x 65 cm**



Bengt Adlers (Svíþjóð/*Sweden*)

**21ST CENTURY FOX, 1999**
**vatnslitur og plast/*watercolour and plastic*, 22 x 16 cm**



Carlo Mauro (Ítalía/*Italy*)

**BLACKIES, 1999**
**bókverk/ *book art*, 27 x 27 cm**



Carlo Santachiara (Ítalía/*Italy*)

**NUOVA RISSA A META CAMPO, 1999**
**bókverk/ *book art*, 27 x 27 cm**




Charly Banana I.Z.M. Ralf Johannes (Þýskaland/*Germany,)*

**EINE FARBKOMPOSITION KOMMT IMMER GUT AN . . .**
**akrýllitur á pappír/*acryl on paper*, 59 x 42 cm**



Chung Eun Mo (Kórea/*Korea*)

C9917, 1999
olía á striga/*oil on canvas*, 45 x 45 cm



Claudia van Koolwijk (Þýskaland/*Germany*)

**FJÖLSKYLDA/*FAMILY*, 2000**
**ljósmynd/*photo*, 16 x 20 cm**



Claudia Schifferle (Þýskaland/*Germany*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**vatnslitur/*watercolour*, 24 x 31,5 cm**





David Weiss, Peter Fischli (Sviss/*Switzerland*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED***
**ljósmyndir, hver um sig/*photos, each* 27,5 x40 cm**



Doriana Chiarini (Ítalía/*Italy*)

**RITRATTI A PENNELLO, 1999**
**bókverk/ *book art*, 27 x 27 cm**




Eric Hattan (Sviss/*Switzerland*)

**ÚR REYKJAVÍK1. 10. 1999/*FROM REYKJAVÍK 1. 10. 1999***
**myndband/*video*, 1999**




Fritz Grohs (Austurríki/*Austria*

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**tölvuprent, hvert um sig/*computer printout, each* 21 x 29,5 cm**



Helmut Federle (Sviss/*Switzerland*)

**SEVEN SISTERS, 1998**
**ljósmyndir, hver um sig/*photos, each* 19,6 x 27,3 cm**



Hugues Reip (Frakklandi/*France*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED***
**silkiprent/*silkscreen*, 70 x 100 cm**



Jan Knap (Tékkland/*Czhech Republic*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*,1989**
**olía á striga/*oil on canvas*, 90 x 55 cm**



Janet Pasehl (Bandaríkin/*U .S.A.*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 1999**
**útsaumaður dúkur og leir/*embroidery and clay*, 48 x 45 cm**



John van't Slot (Holland/The Netherlands)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 1991**
**blekteikning/*ink drawing*, 30 x 40 cm**



Jim Butler (Bandaríkin/*U.S.A.*)

**BOAT AND MISSLE, 1993**
**olía á striga/*oil on canvas*, 28 x 71 cm**



Karin Kneffel (Þýskaland/*Germany*)

**HV, 2000**
**olía á striga/*oil on canvas*, 60 x 85 cm**



Lisa Ponti (Ítalía/*Italy*)

ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000
12 stk. blönduð tækni á pappír/*12 pcs. mixed media on paper*, 29,5 x 21 cm



Michel Kunze (Þýskaland/*Germany*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**olía á striga/*oil on canvas*, 35 x 50 cm**



Milan Kunc (Tékkland/*Czechland*)

**LANDSCAPE**
**olía á striga/*oil on canvas*, 110 x 100 cm**




Mitja Tuzek (Sviss/*Switzerland*)

**WHEN THE SAGE POINTS TO HEAVEN THE FOOL LOOKS AT HIS FINGER, 2000**
**akrýl á pappír/*acryl on paper*, 48 x 64 cm**



Nana Petzet (Þýskaland/*Germany*)

**ENDURUNNINN BOLLUVÖNDUR/ *RECYCLED SHROVE MONDAY-ROD*, 2000**
**blönduð tækni/*mixed media*, 77 x 27 x 27 cm**



Paul Lincoln (England)

**THE WORLD AND IT´S INHABITANTS, 1999**
**blandað efni, mismunandi stærðir/various sizes**



Peter Angermann (Þýskaland/*Germany*)

**GLÁP/*GAWK*, 2000**
**írópenni/*ballpoint pen*, 28 x 21 cm**



Peter Holstein (Holland/*The Netherlands*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**handlituð æting/*hand coloured etching*, 16 x 25 cm**




Peter Mönnig (Þýskaland/*Germany*)

**THE CORRIDOR NEXT 25 YEARS, 2000**
**ljósmynd og teikning/*photo and drawing*, 57 x 59,5 cm**



Robert Devriendt (Belgía/*Belgium*)

**ÁN TITILS, 2000**
**olía á striga, þrjár einingar, hver um sig/*oil on canvas, three pcs. each* 8,5 x 11 cm**



Silvia Bäckli (Sviss/*Switzerland*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**blek/*ink* 31 x 22 cm**



Stephen McKenna (Írland/*Ireland*)

**STUDY FOR DALKEY AFTERNOON, 1997**
**olía á striga/*oil on canvas*, 40 x 30 cm**




Thomas Huber (Sviss/*Switzerland*)

**EINE SCHRECKLICHE GESCHICHTE, 1999**
**silkiprent/*silkscreen*, 25 x 30 cm**



Thomas Kocheisen, Ulrike Hullmann (Þýskaland/*Germany*)

**EXTERIOR WITH LITTLE SHIP, 1994**
**olía á við, tvær einingar, hvor um sig/*oil on wood, two pcs. each* 25x 50 cm**



Till Krause (Þýskaland/*Germany*)

**FUGLAHÚS Á ÍSLANDI/*BIRDHOUSES IN ICELAND*, 2000**
**ljósmyndir og texti/*photos and text*, 103 x 73 cm**



Willi Bell (Bandaríkin/*U.S.A.*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**blandað efni/*mixed media*, 11,5 x 34 x 10,5 cm**



Wolfgang Stengl (Austurríki/*Austria*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**offsettprent/*offset printing*, 30 x 42 cm**



Yongbo Zhao (Kína/*China*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**olía á striga/*oil on canvas*, 56 x 44 cm**



Örjan Wallert (Svíþjóð/*Sweden*)

**ÁN TITILS/*UNTITLED*, 2000**
**blandað efni, innsetning, mismunandi stærð/*mixed media, installation, various sizes***

*Gunnar J. Árnason*

## Twenty Years of The Corridor

Due to the special circumstances of artlife here in Iceland, exhibition spaces run by artists themselves have been important and numerous. Among them one can name Slunkaríki in Ísafjörður run by Jón Sigurpálsson, Hannes Lárusson's Gallery One One, the atelier galleries of Birgir Andrésson and Helgi Hjaltalín Eyjólfsson at Vesturgata and Gallery Kambur of Gunnar Örn. The exhibition space The Corridor is unique among them. The artist Helgi Þorgils Friðjónsson has run The Corridor continuously for two decades, longer than any of his colleagues, and it has always been located in the home of Helgi and his wife Margrét Lísa Steingrímsdóttir.

The Corridor started with a show at Helgi's home at Laufásvegur 79 in Reykjavík, in 1979. The artist was Hreinn Friðfinnsson who exhibited a piece called "For the Time Being". Helgi made that title the motto for his gallery in the early years, but nobody realised that the temporary arrangement hinted at in the motto would prove so enduring. From Laufásvegur the exhibition space moved with the family to Mávahlíð 24 and then to Freyjugata 32, before settling, in 1984, in its present location at Rekagrandi 8 in Reykjavík.

The reasons that led Helgi to open his own door to The Corridor where neither coincidental nor capricious. He had been involved in a few galleries before. In 1975 he started a gallery called Output with the artist Þór Vigfússon, and while he was studying in Harlem in Holland he ran Gallery Lóa, as well as being involved in Suðurgata 7, one of the most prominent exhibition spaces in Reykjavík in the late seventies. It was his experience with these projects that prompted him to start The Corridor.

Helgi was aware that very little of progressive contemporary art found its way into Icelandic exhibition spaces at the time. Lack of communication between local and foreign artists was a handicap on local artlife, and the professional relationships which Icelandic artists entered into with foreign artists where too isolated to have a stimulating effect on the local art community. Helgi established The Corridor in order to cultivate his contacts with foreign artists, while giving his colleagues the opportunity to get in touch with the artists, their work and ideas.

The number of artists that have exhibited at The Corridor through the years is impressive — and most of them are foreign. The more than forty artists whose work is represented in the anniversary exhibition of The Corridor are barely half the approximately one hundred artists who exhibited there, without counting the many Icelandic artists who have shown there as well. This means that five foreign artists exhibited at The Corridor on average each

year for the past twenty years — a number that any exhibition space in Iceland could be proud of.

The Corridor is not a public gallery in the full sense of the term, despite the warm hospitality of Helgi's family. Still it must be kept in mind that even though it does not have a high profile in public life, its influence on Icelandic artlife extends far beyond the confines of the home at Rekagrandi. Many of the artists who originally exhibited in The Corridor went on to exhibit in other exhibition spaces, such as The Living Art Museum, The National Gallery, The Reykjavík Art Museum at Kjarvalsstaðir, The Nordic House and various galleries. Some of them have formed lasting attachments to the country and its people, and have enriched the local art life in various ways, for instance by teaching at the Icelandic Art College (now the Icelandic Academy of Art), or by assisting Icelandic artists abroad. The Corridor's reputation has spread and is well-known, for instance, among Swiss artists. And it is reasonable to assume that many of the artists who have come to Iceland to exhibit at Helgi's Corridor have themselves been influenced by their experiences of the country and its people. Thus The Corridor has without a doubt served its original purpose.

A casual examination of the artists in the exhibition reveals the great variety among them; many have become well-known and established international figures, such as Milan Kunc, Jan Knap and the Swiss duo Peter Fischli and David Weiss. Not that Helgi has been preoocupied with getting "big names" in the artworld to exhibit. Helgi's acquantance with these artists usually predates their breakthrough on the international arena as he has tried to attract artists who he believes are on the cutting edge of progressive art at each time.

It should come as no surprise that Helgi has put some emphasis on bringing painters to The Corridor, being a painter himself. Many of them are working in fields that attract little attention here, such as hyper-realism, magical-realism, neo-surrealism, and geometric abstraction. When new movements in painting where arriving on Icelandic shores in the early part of the eighties Helgi introduced painters such as Helmut Federle, Peter Angermann and Martin Disler. Of the many interesting artists who have exhibited at The Corridor in the nineties one could mention Karin Kneffel, Thomas Huber, Jim Butler, Robert Devriendt, Charly Banana, and the artist-pairs Stepanek/Maslin and Kocheisen/Hullman. It is safe to say that The Corridor has served the artistic community here in Iceland as an entrance to some of the lesser known dwellings of modern painting.

**Bengt Adlers** (1986, 1989, 1991),
**Fritz Frohs** (1986),
**Alan Johnston** (1987, 1989, 1997),
Jussi Kivi (1987),
**Wolfgang Stengl** (1987),
Peter Mönnig (1988, 1989),
Adam Barker Mill (1988, 1989),
Gerwald Rockenschaub (1988),
Chiarenza/Hauser (1989),
**Chung Eun Mo** (1989, 1990),
Blalla Hallmann (1989),
**Stephen McKenna** (1989),
Salvo (1989),
**Jan Knap** (1989, 1990, 1995),
Knud Ögde Sörensen (1989),
**Paul Lincoln** (1990),
Daryush Shokof (1991),
**Hugues Reip** (1991),
**Milan Kunc** (1991, 1992, 1993),
**Lisa Ponti** (1993),
**Janet Passehl** (1983),
Per Kirkeby (1993),
**Michael Kunze** (1994),
**Alice Stepanek/Steven Maslin** (1994),
**Karin Kneffel** (1995), Lino Fierito (1995),
**Nana Petzet** (1995),
**Antonín Strízek** (1996),
**Kocheisen/Hullmann** (1996),
**Willie Bell** (1997),
**Örjan Wallert** (1997),
**Thomas Huber** (1997),
**Till Krause** (1998),
**Claudia van Koolwijk** (1998),
**Charly Banana I.Z.M. Ralf Johannes** (1998),
**Robert Defriendt** (1998),
**Jim Butler** (1999),
**Silvia Bächli/Eric Hattan** (1999).

Menningarmálanefnd Reykjavíkur/*The Cultural Committee of the City of Reykjavík:*

Guðrún Jónsdóttir, formaður/*chair*
Anna Geirsdóttir
Örnólfur Thorsson
Eyþór Arnalds
Júlíus Vífill Ingvarsson

Tryggvi Baldvinsson
Valgerður Bergsdóttir

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur/*Director of Reykjavík Art Museum:*
Eiríkur Þorláksson

Sýningarstjóri/*Exhibition Curator:*
Helgi Þorgils Friðjónsson

Þýðing/*Translation:*
Gunnar J. Árnason
Eiríkur Þorláksson

Yfirlestur handrita/*Proofreading:*
Mörður Árnason

Ljósmyndun/*Photography:*
Einar Falur Ingólfsson

Hönnun sýningarskrár/*Catalogue design:*
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár/*Catalogue production:*
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnsla/*Colour separation and montage:*
Grafík h.f.

Prentun og bókband/*Printing and bookbinding:*
Grafík h.f.

© Listasafn Reykjavíkur, 2000

ISBN 9979-874-98-8

Listasafn Reykjavíkur — Hafnarhús
*Reykjavík Art Museum — Harbour House*

september — október 2000